

Áhrif nýrra laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka á einstaklinga

Vissir þú að ný lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka leggja ríkar skyldur á fjármálafyrirtæki og aðra sem falla undir gildissvið laganna? Gerð er krafa um að þessir aðilar viti meira um þig og tilgang viðskiptasambands ykkar. Þetta er til þess að hægt sé að áhættumeta hvern viðskiptavin í samræmi við kröfur laganna.

Áreiðanleikakönnun

Gerð er krafa um að aflað sé upplýsinga um einstaklinga áður en stofnað er til viðskipta eða ákveðin viðskipti eiga sér stað. Með áreiðanleikakönnun er m.a. átt við að einstaklingur **sanni á sér deili** og athugun á því hvort hann lúti viðskiptabönnum eða hömlum, hafi stjórnmalaleg tengsl eða hafi með öðrum hætti tengsl við starfsemi eða háttsemi sem samræmist ekki áhættustefnu fyrirtækisins. Undir vissum kringumstæðum er skylt að framkvæma **aukna áreiðanleikakönnun**.

Aukin áreiðanleikakönnun

Skylt er að kalla eftir frekari upplýsingum, m.a. um uppruna auðs og fjármuna sem notaðir eru í viðskiptum. Framkvæmd aukinnar áreiðanleikakönnunar á ekki að hafa mikil áhrif á viðskiptavini en nauðsynlegt er að veita þær upplýsingar sem gerð er krafa um að kallað sé eftir, lögum samkvæmt.

Aukna áreiðanleikakönnun þarf að framkvæma þegar:

- Einstaklingar eru staðsettir í ríkjum sem eru skilgreind áhættusöm eða ósamvinnuþýð af stýrihóp um aðgerðir gegn peningabætti sem skipaður er af ráðherra.
- Einstaklingar eru í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla.
- Áhættumat gefur til kynna aukna áhættu.

Stjórnmalaleg tengsl

Samkvæmt lögnum eru einstaklingar, innlendir og erlendir, sem eru eða hafa verið háttsettir í opinberri þjónustu, ásamt nánustu fjölskyldu þeirra og nánum samstarfsmönnum þeirra, í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla. Dæmi um þetta eru þjóðhöfðingjar, þingmenn, ráðherrar og hæstaréttardómarar.

Sé niðurstaða áreiðanleikakönnunar sú að viðskiptavinur samræmist ekki áhættustefnu fyrirtækisins er fyrirtækinu heimilt að hafna eða slíta viðskiptasambandinu.

Persónuvernd

Í lögnum sem hér um ræðir er gerð krafa á fjármálafyrirtæki og aðra sem falla undir gildissvið þeirra að safna ákveðnum persónuupplýsingum. Vinnsla þessara persónuupplýsinga er í samræmi við lög um persónuvernd og fer einungis fram þegar málefnalegar ástæður eru fyrir hendi og hún er nauðsynleg í því skyni að koma í veg fyrir peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.



www.sff.is



SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association